

Tillögur til skilvirkara eftirlits með erlendri og ólöglegri starfsemi í ferðaþjónustu



5. mars 2019

Grunur leikur á umfangsmikilli ólöglegri starfsemi sem tengist erlendum aðilum í ferðaþjónustu hér á landi, m.a. með félagslegum undirboðum, sjálfboðaliðastarfsemi og skattaundanskotum.

Brotastarfsemi í ferðaþjónustu skekkir samkeppnismarkað og veldur fyrirtækjum og samfélaginu milljarða tekjutapi árlega. Gildir þá einu hvort um er að ræða erlenda eða innlenda aðila sem fara á svig við lög og reglur.

Fyrirtæki sem stunda brotastarfsemi eiga auðveldara með að leika lausum hala ef eftirlit er óskilvirkt, illa fjármagnað eða glímir við hindranir. Það er allra hagur að atvinnurekendur, launþegar og hið opinbera sameinist um að bæta úr.

Efni

1. Nauðsynlegt að styrkja og jafna samkeppnisgrundvöll ferðaþjónustu.....	3
2. Raundæmi um brotastarfsemi	4
3. Hvað má og hvað má ekki í starfsemi erlendra aðila á Íslandi?	5
3.1 Sjálfboðaliðar.....	5
3.2 Erlendir fararstjórar, hópstjórar og bílstjórar.....	6
3.3 Erlendar hóp bifreiðar í flokki I og II (fyrir 10 farþega og fleiri).....	7
3.4 Erlend bifreið fyrir 9 farþega og færri sem fellur undir íslenska ferðaþjónustuleyfið	9
3.5 Innlendar bifreiðar í ökutækjaleigu á vegum erlendra ferðaskrifstofa	9
4. Tillögur til úrbóta	10
4.1 Tillögur starfshóps um félagsleg undirboð og ólöglega starfsemi á vinnumarkaði.....	10
4.2 Tillögur Samtaka ferðaþjónustunnar til að auka skilvirkni eftirlits með brotastarfsemi.....	11
5. Skýringar:	14

1. Nauðsynlegt að styrkja og jafna samkeppnisgrundvöll ferðaþjónustu

Undanfarin ár hefur starfsemi erlendra ferðaþjónustuaðila aukist hér á landi og haft í för með sér félagsleg undirboð á mörgum sviðum. Samhliða hefur óskráð erlend starfsemi ferðaþjónustuaðila aukist. Þessir þættir hafa grafið undan samkeppnisgrundvelli íslenskra fyrirtækja og eru ógn við íslenskan vinnumarkað. Hér á eftir er farið yfir hvað má og hvað má ekki á þeim sviðum sem geta valdið félagslegum undirboðum og ólöglegri starfsemi og hvaða aðilar fara með eftirlit með mismunandi þáttum sem þar koma til álita. Sérstaklega er hér horft til erlendra aðila með starfsemi á Íslandi en ljóst er að sömu sjónarmið eiga við íslenska aðila sem sniðganga lög og reglur.

Einn höfuðvandi, sem birtist skýrt þegar farið er yfir leyfilega og óleyfilega starfsemi á þennan hátt, er hve margir mismunandi aðilar hafa þar eftirlitshlutverk en ábyrgð á eftirliti og leyfisveitingum er í höndum fimm ráðuneyta og níu opinberra stofnana. Á fundum SAF með fulltrúum margra þessara eftirlitsaðila á undanförunum vikum og mánuðum hefur komið berlega í ljós að það er sameiginlegt álit atvinnurekenda og þeirra eftirlitsaðila sem rætt var við að mikil þörf sé á skýrum úrbótum til að efla skilvirkni eftirlits á þessum vettvangi.

Áréttað skal að það eru sameiginlegir hagsmunir atvinnurekenda, launþega og hins opinbera að stöðva félagsleg undirboð og starfsemi í ferðaþjónustu sem ekki fylgir lögum og reglum. Á undanförunum árum hefur slík starfsemi haft sífellt neikvæðari áhrif á samkeppnisstöðu innlendra ferðaþjónustufyrirtækja sem bæst hefur ofan á versnandi stöðu í kjölfar mikilla kostnaðarhækkana, m.a. vegna gengis- og launaþróunar síðustu þriggja ára. Staðan nú kallar á tafarlausar aðgerðir stjórnvalda til að koma í veg fyrir ólöglega starfsemi og félagsleg undirboð og jafna samkeppnisgrundvöll í ferðaþjónustu. Ekki verður lengur unað við að aðilar geti starfað óáreittir hér á landi í krafti þess að lagaheimildir, skilvirkt samstarf opinberra stofnana eða skýrar og árangursríkar vinnureglur skorti í eftirliti með starfsemi þeirra.

Mikilvægt er að stjórnvöld taki þegar í stað á þessum vanda með skýrum hætti enda eru fjárhagslegir hagsmunir samfélagsins alls, af aðgerðum sem bætt geta þessa stöðu hratt, augljósir. Í því samhengi er sérstök ástæða til að benda á að núverandi staða Íslands í alþjóðlegri samkeppni áfangastaða er þegar erfið þar sem Ísland er nú eitt dýrasta ferðamannaland heims. Því er mikilvægi þess að tryggja gestum eins jákvæða og faglega upplifun og mögulegt er enn meira. Undirboð og óleyfileg starfsemi óprúttina aðila hafa neikvæð áhrif á orðspor Íslands sem ferðamannalands og vinna beint gegn þeirri markaðssetningu sem íslensk ferðaþjónusta og ríkið hafa unnið að í sameiningu með góðum árangri undanfarin ár og valda þannig samfélaginu fjárhagslegu tapi. Þá er ótalið það beina fjárhagslega tap sem verður af því að viðskipti ferðamanna færast í stórum stíl til aðila sem óáreittir nýta þau tækifæri sem óskilvirkt eftirlit og/eða regluverk skapa til að sniðganga skil á lögbundnum sköttum og gjöldum til samfélagsins.

Helstu eftirlitsaðilar og fagraðuneyti

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Ferðamálastofa

Dómsmálaráðuneyti

Lögreglustjóraembætti

Sýslumannsembætti

Útlendingastofnun

Félagsmálaráðuneyti

Vinnueftirlitið

Vinnumálastofnun

Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Embætti tollstjóra

Ríkisskattstjóri

Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneyti

Samgöngustofa

Árangur af fjármagni sem varið er til skilvirkara eftirlits:

Aukafjármagn til eftirlits með heimagistingu sumarið 2018: 64 milljónir króna

Álagðar stjórnvaldssektir í lok febrúar 2019: 71,5 milljónir króna

Skráningum fjölgað um 100% frá 2017

Bent er á að reynslan sýnir að fjármagn sem lagt er til skilvirkara eftirlits stofnana með brotastarfsemi í atvinnulífi og á vinnumarkaði skilar sér til baka til samfélagsins, bæði sem

beinar tekjur af sektum og sköttum og með jafnari samkeppnisgrundvelli og betri afkomu fyrirtækja og launþega. Þar er átak ferðamálaráðherra um skilvirkara eftirlit með heimagistingu sem hófst 2018 gott dæmi. Árangurinn af því átaki sýnir vel hve mikilvægt er að slíkt sé ekki aðeins tekið upp sem tímabundið átak heldur sem reglulegur hluti af starfsemi viðkomandi eftirlitsaðila til framtíðar.

2. Raundæmi um brotastarfsemi

Fjöldmörg dæmi eru um að erlend fyrirtæki sem starfa á íslenskum ferðaþjónustumarkaði nýti sér óskilvirkt eftirlit til að leika lausum hala með brotastarfsemi á íslenskum ferðaþjónustumarkaði árum saman.

Sérstaklega skal tekið fram að athygli yfirvalda og eftirlitsaðila hefur verið vakin á öllum þeim brotum sem hér verða nefnd og sumum þeirra ítrekað.

Dæmi um brotastarfsemi:

- Hópar frá Asíu, t.d. frá Indlandi, koma með kokka með sér til landsins. Þeir eru starfsmenn og elda fyrir hópinn hér á landi en taka ekki laun skv. íslenskum kjarasamningum og greiða enga skatta eða gjöld á Íslandi.
- Stórar hópþingreiðar sem fluttar eru til landsins og mæta hópum og leiðsögumönnum og afhenda þjónustu til kaupenda hér á landi en greiða engan virðisaukaskatt af starfseminni á Íslandi.
- Kínverjar búsettir í Kína og EES ríkjum og með ökuréttindi þaðan taka 9 manna bíla eða stærri á leigu til einkanota en sækja svo hópa í Leifstöð og aka um landið sem bílstjórar og leiðsögumenn, án leyfa eða skráningar, á verri kjörum en íslenskir kjarasamningar segja til um.
- Ökumenn með asíska hópa þar sem ökumenn eru ekki með tilskilin réttindi. Brugðið hefur við að þegar þeir eru teknir í eftirlit er sektinni skipt á milli farþeganna og svo ekur hópurinn áfram daginn eftir þegar sektin hefur verið greidd. Viðurlögin ná ekki lengra.
- Skráningar og tryggingapappírar erlendra ökutækja eru aðeins á tungumáli heimalandsins sem er ógerlegt fyrir lögreglu að lesa úr á vettvangi.
- Erlend hópþingreiðafyrirtæki senda bíla hingað til lands til veru allt sumarið og jafnvel lengur. Bílstjórar þeirra eru á launum langt undir íslenskum lágmarkslaunum og beinlínis er gert ráð fyrir að þjóf frá farþegum sé stór hluti af launum þeirra.
- Aðbúnaður bílstjóranna hjá þessum fyrirtækjum er á köflum skelfilegur, þeir jafnvel látnir búa í bílunum sjálfum. Til eru dæmi þess að bílstjórar slíkra fyrirtækja hafi þurft að búa sér íverurými í farangurslest bílsins.
- Því miður er mikið um að öryggisatriðum sé ábótavant hjá erlendum hópþingreiðafyrirtækjum sem haga viðskiptum á þennan hátt hér á landi. Ekki sé farið eftir reglum um öryggisbelti fyrir alla farþega, bílarnir séu ekki nægilega vel búnir til aksturs hér á landi, bílarnir séu ekki nægilega tryggðir, snjór ekki skafinn af rúðum bílsins fyrir akstur, bílstjórar hafi ekki nauðsynlega þjálfun í akstri við íslenskar aðstæður eða þjálfun í skyndihjálpi svo eitthvað sé nefnt.

- Þegar brotaviljinn er til staðar er ýmislegt reynt. Komið hafa upp dæmi um fyrirtæki sem fara á svig við innflutningsreglur og tollafgreiðslu og flytji inn birgðir vista með hópferðabílum sem koma hingað til lands sem ætlaðar eru til sölu til farþega.
- Ríkisborgarar frá löndum utan EES (t.d. frá Bandaríkjunum) koma til Íslands á ferðamannaáritun í byrjun sumars en vinna svo óskráðir, án atvinnuleyfis og á launum undir íslenskum kjarasamningum allt sumarið sem leiðsögumenn fyrir fyrirtæki sem senda hópa hingað til lands.
- Ábendingar hafa komið fram um að sumir aðilar sem reka hestaleigur á Íslandi stundi félagsleg undirboð með sjálfboðaliðastarfsemi með þeim hætti að erlendir eintaklingar vinna fulla vinnu hjá fyrirtækinu án þess að fá greitt í öðru en fæði og húsnæði.

Skýrt dæmi um afleiðingar brotastarfsemi á borð við þá sem hér hefur verið nefnd er samkeppnisstaða íslenskra hópferðabifreiðafyrirtækja. Í dag eykst nær daglega framboð erlendra fyrirtækja á gríðarlega ódýrum hópferðum sem íslensk fyrirtæki geta ekki keppt við ætli þau að fara að lögum í landinu. Verðmunurinn byggir á því að viðkomandi fyrirtæki greiða ekki virðisaukaskatt á Íslandi af þeirri þjónustu sem þau afhenda hér á landi, flytja inn bílstjóra sem eru á launum langt undir íslenskum kjarasamningum og eru óskráðir hér á landi svo þeir greiða enga launaskatta eða gjöld, og geta notað til starfseminnar eldri bíla sem ekki er nægilegt eftirlit með hvað varðar skoðanir, búnað eða tryggingar.

Raunhæf dæmi um framboð á slíkri þjónustu erlendra hópferðafyrirtækja sýna að ætli íslensk fyrirtæki að keppa við verðin sem þar eru í boði þyrftu þau að borga með ferðinni um 15-20%. Slík samkeppni grundvölluð á ólöglegri starfsemi kippir grundvöllinum undan rekstri íslenskra hópferðafyrirtækja.

Raunveruleikinn er sá að ef stjórnvöld grípa ekki strax í taumana til að efla skilvirkt eftirlit með starfsemi sem þessari og tryggja samvinnu og fjármagn eftirlitsstofnana er líklegt að mörg íslensk ferðaðjónustufyrirtæki muni neyðast til að flytja starfsemi sína erlendis að hluta til að lækka kostnað, með tilheyrandi uppsögnum starfsfólks hér á landi og tekjutapi fyrir ríkissjóð.

Íslensk ferðaðjónusta er í daglegri samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu sem gerir fyrirtækjum kleift að stunda viðskipti yfir landamæri hindrunarlítið. Það er mikilvægt að ítreka að Samtök ferðaðjónustunnar eða íslensk ferðaðjónustufyrirtæki amast ekki við eðlilegri samkeppni sem fram fer samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.

Vandamálið er að fjöldi fyrirtækja nýtir sér það frelsi sem felst í viðskiptum yfir landamæri og of máttlítið og óskilvirkt eftirlit á íslenskum ferðaðjónustu- og vinnumarkaði til að stunda óáreitta brotastarfsemi sem skekkir samkeppnisgrundvöllinn.

Því er ákaflega mikilvægt að átta sig á því hvað má og hvað má ekki í starfsemi sem þessari og hverjir bera ábyrgð á eftirliti með mismunandi þáttum.

3. Hvað má og hvað má ekki í starfsemi erlendra aðila á Íslandi?

3.1 Sjálfboðaliðar

Vandamálið: Vandamálið hefur helst snúið að erlendum einstaklingum sem komið hafa til landsins og sinnt hefðbundnum störfum hjá fyrirtækjum í ferðaðjónustu. Hestaleigur hafa verið nefndar í þessu samhengi en einnig hafa gististaðir komið upp í umræðunni og þá komið með þá skýringu að um nema eða starfsnám hafi verið að ræða. Þess ber að geta að SA og ASÍ hafa látið málið sig varða og gáfu samtökin út í september 2016 sameiginlega yfirlýsingu vegna starfsemi sjálfboðaliða.

Hvað má: Erlendir einstaklingar mega koma hingað til lands og sinna sjálfbóðaliðastörfum, þ.m.t. á grundvelli fjórfrelsis EES samningsins. Allir þeir sem eru með ríkisborgararétt í löndum utan EES og EFTA¹ og ætla að vera á Íslandi lengur en í þrjá mánuði þurfa að hafa dvalarleyfi hér á landi, þ.m.t. sjálfbóðaliðar. Sjálfbóðaliðar verða að tilheyra samtökum sem gera út á að sinna sjálfbóðaliðastörfum og er þá um að ræða aðstoð eða aðgerðir sem falla undir samfélagslega aðstoð.

Hvað má ekki: Einstaklingar geta ekki komið á eigin vegum og tekið að sér hefðbundin störf sem snúa að þjónustu, umhirðu eða leiðsögn og túlkað það sem sjálfbóðaliðastarf. Ef sjálfbóðaliðar eru að ganga í almenn störf launafólks í efnahagslegri starfsemi fyrirtækja þá er með sannarlegum hætti verið að ganga gegn ákvæðum kjarasamninga á viðkomandi sviði, sbr. 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980.

Í 1. gr. laganna segir að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar við einstaklinga um lakari kjör en kjarasamningar kveða á um eru ógildir.

Hver á að sinna eftirliti: Ríkisskattstjóri, Vinnueftirlit, Vinnumálastofnun og vinnustaðaeftirlit stéttarfélaganna á að sinna eftirliti á þessu sviði og bregðast við ábendingum. Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir aðstoð lögreglu við eftirlit.

Um eftirlit fer með sama hætti og eftirlit með innlendum vinnumarkaði og að farið sé að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum, sbr. lög um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, nr. 42/2010.

Þá gilda einnig önnur lög um störf þessara aðila hér á landi, s.s. lög um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda, nr. 45/2007, og þ.m.t. eftirlit Vinnumálastofnunar á grundvelli laganna. Að sama skapi gilda einnig lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, sem falla undir eftirlit Vinnueftirlitsins. Loks er starfsemi háð eftirliti Ríkisskattstjóra hvað varðar skil á opinberum gjöldum en Ríkisskattstjóri hefur með höndum álagningu opinberra gjalda samkvæmt lögum um tekjuskatt og lögum um aðra skatta og gjöld sem honum er falin framkvæmd á.

3.2 Erlendir fararstjórar, hópstjórar og bílstjórar

Vandamálið: Vandamálið hefur lýst sér þannig að hingað koma starfsmenn á vegum erlendra ferðaþjónustufyrirtækja og sinna störfum í lengri tíma, bæði ríkisborgarar frá löndum innan EES og utan. Mismunandi er í hvaða löndum fyrirtækin eru skráð eða með starfsstöð en í flestum tilfellum er það innan EES svæðisins. Þess ber að geta að með lögum nr. 75/2018, sem fólu í sér breytingar á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, nr. 45/2007, voru gerðar breytingar til að skerpa á þessum málum og reynt að setja skýrari ákvæði hvað þessa starfsemi varðar.

Hvað má: Erlendir starfsmenn geta komið hingað til lands og starfað í samanlagt 10 daga á ári án þess að þurfa að skrá sig hjá Vinnumálastofnun. Með þessum tímamörkum er verið að reyna að ná utan um skráningu þeirra aðila sem eru hér starfandi umfram tiltekin smærri verk, má nefna sem dæmi sérfræðinga sem koma til að taka út eða setja upp tækjabúnað. Að sama skapi er reynt að tryggja

¹ Sjálfbóðaliði samkvæmt útlendingalögum er einstaklingur eldri en 18 ára sem ætlar að starfa ólaunað fyrir frjáls félagasamtök sem starfa að góðgerðar- eða mannúðarmálum, eru ekki rekin í hagnaðarskyni og eru undanþegin skattskyldu. Heimilt er að víkja frá því skilyrði að starf sé unnið fyrir viðurkennd félagasamtök ef markmið tiltekens verkefnis er sannarlega í mannúðar- og góðgerðarskyni.

yfirvöldum raunhæfan möguleika til að yfirfara og skrá innsend gögn en með skráningu er að sama skapi verið að leitast eftir að tryggja eftirlit með starfsskilyrðum starfsfólks. Ef skráning á sér ekki stað eða ágallar eru á henni er Vinnumálastofnun heimilt að leggja dagsektir á aðila eða stjórnvaldssektir. Erlendir bílstjórar verða að auki að vera með aukin ökuréttindi og gilt ökuritakort í bifreiðinni.

Hvað má ekki: Flutningar milli EES ríkja, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða innan lands í þeim ríkjum eða milli Íslands og Færeyja eru háðir bandalagsleyfi og, ef ökumaður er ríkisborgari í landi utan Evrópska efnahagssvæðisins, ökumannsvottorði. Erlendir starfsmenn mega ekki vinna hér á landi meira en samanlagt 10 daga á hverju ári án þess að vera skráðir hjá Vinnumálastofnun og sýna fram á að laun eru samræmi við a.m.k. lágmarkslaun hér á landi. Erlendir bílstjórar mega ekki aka bifreiðum í atvinnuskyni án aukinna ökuréttinda.

Hvað varðar starfsemi á grundvelli laga um farþegaflutninga og farmflutninga hér á landi, nr. 28/2017, þá kveða lögin á um heimild Samgöngustofu til að leggja sektir á aðila, þ.m.t. vegna bandalagsleyfa, í þeim tilvikum þar sem ekki liggur þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum. Hvað varðar svokölluð bandalagsleyfi þá þarf að hafa í huga að afturköllun slíks leyfis er í höndum lögbærra yfirvalda í þeim ríkjum þar sem viðkomandi fyrirtæki hefur staðfestu, þ.e. íslenskra yfirvalda hvað varðar hérlend fyrirtæki en annarra EES ríkja hvað varðar erlend fyrirtæki.

Hver á að sinna eftirliti: Vinnumálastofnun, sem sér m.a. um útgáfu atvinnuleyfa og skráningu útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, og vinnustaðaeftirlit stéttarfélaganna eiga að sinna eftirliti og bregðast við ábendingum. Vinnumálastofnun er heimilt að óska eftir aðstoð lögreglu við eftirlit. Lögregla sinnir eftirliti með ökuréttindum.

Rétt er að vekja athygli á að þrátt fyrir að framangreindar breytingar hafi verið gerðar með lögum nr. 75/2018 virðist sem Vinnumálastofnun hafi enn ekki náð að aðlaga sig að fullu breyttu regluverki, í það minnsta hafa ekki orðið sjáanlegar breytingar hvað varðar framkvæmd þess eftirlit.

3.3 Erlendar hópbifreiðar í flokki I og II (fyrir 10 farþega og fleiri)

Vandamálið: Vandamálið hefur verið að umræddar bifreiðar í eigu erlendra fyrirtækja innan EES koma til landsins og hafa ekki verið stöðvaðar við komuna, þ.e. ekki gengið úr skugga um hvort aðilar hafi öll lögboðin leyfi og skráning aðila sé í samræmi við þau réttindi og skyldur sem á þessum aðilum hvíla, sbr. meiraprófsréttindi og skráning hjá RSK, svo dæmi séu tekin. Ætla má að starfsemi viðkomandi bifreiða falli undir lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, sem gera þarf upp á Íslandi. Lögum var breytt vorið 2018 þar sem erlendum aðilum var gert heimilt að skrá sig einfaldri skráningu hjá RSK en með slíkri skráningu er átt við heimild erlendra fyrirtækja sem hér selja þjónustu að skrá sig hér á landi með rafrænni skráningu hjá RSK vegna skila á virðisaukaskatti vegna sölu á þjónustu sem veitt er hér á landi. Er aðilum sem skrá sig einfaldri skráningu ekki heimilað að telja til innskatts kostnað af aðföngum vegna sölu á þjónustu hingað til lands.

Hvað má: Þeim aðilum sem annast farþegaflutninga og farmflutninga innan EES gegn gjaldi og hafa fengið útgefið bandalagsleyfi er heimilt að stunda gestaflutninga hér á landi og í tilviki farþegaflutninga sé um að ræða sérstakar áætlunarferðir, óreglubundna flutninga eða reglubundna flutninga eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009 og nr. 1072/2009. Sé um að ræða óreglubundna farþegaflutninga aðila sem ekki hefur staðfestu hér á landi ber þeim aðila skylda

til að halda og geyma í ökutækinu akstursskrá.² Með staðfestu er hér átt við rétt aðila til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna og reka fyrirtæki í skilningi EES samningsins.

Erlendar hópbifreiðar sem koma hingað til lands þurfa að vera búnar bandalagsleyfi frá samgönguyfirvöldum í skráningarlandi bifreiðar. Fyrirtæki sem rekur viðkomandi bifreið þarf að vera á VSK skrá, þegar um er að ræða skattskyld viðskipti í skilningi laga um virðisaukaskatt sem nema hærrí fjárhæð en 2.000.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili³, hvort sem valin er almenn skráning eða einföld skráning.

Aðilar utan EES, utan stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða utan efnahagssamnings Íslands og Færeyja, geta sótt um leyfi til Samgöngustofu til að stunda farþegaflutninga á grundvelli samninga við þessi ríki.

Þá gildir sú meginregla einnig að aðilum búsettum erlendis er heimilt að flytja ökutæki til landsins vegna atvinnu í allt að tólf mánuði, þ.e. tímabundinn innflutningur. Um tímabundinn innflutning gilda tvær reglur eftir því hvers eðlis notkunin er.⁴ Á grundvelli 29. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi, nr. 630/2008, skulu innflytjendur leggja fram tryggingu um greiðslu aðflutningsgjalda af vörum sem fluttar eru inn tímabundið, en aðilar sem eru með virðisaukaskattsnúmer og njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, þ.e. tollkrít, þurfa ekki að leggja fram tryggingu þar sem fjárskuldbinding er skráð tímabundið á aðila.

Hvað má ekki: Erlendum fyrirtækjum er óheimilt að starfrækja hópbifreiðar hér á landi án þess að vera með bandalagsvottorð, akstursskrá og ökurita um borð í bifreiðinni.

Hvað varðar starfsemi á grundvelli laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017, þá kveða löggin á um heimild Samgöngustofu til að leggja sektir á aðila, þ.m.t. vegna bandalagsleyfa, í þeim tilvikum þar sem ekki liggur þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum. Þá er í 44. gr. a. umferðarlaga, nr. 50/1987, og reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og eftirlit, nr. 605/2010, kveðið nánar á um notkun ökurita, eftirlit og úrræði. Heimilt er að beita sektum fyrir brot gegn ákvæðum um ökurita og um fjárhæðir er kveðið á um í reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim, nr. 288/2018.

Hver á að sinna eftirliti: Tollurinn sinnir eftirliti við komu bifreiða til landsins en hefur ekki heimild til að sinna eftirliti með skráningum hópbifreiða eða virðisaukaskattskrá. Lögregla hefur eftirlit með leyfisskyldri starfsemi á grundvelli laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017, og sinnir vettvangseftirliti með skráningu bifreiða og ökuréttindum bílstjóra. Vinnumálastofnun sinnir eftirliti með útsendum starfsmönnum sem aka bifreiðunum.

² Sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/2009

³ Erlendur aðili sem selur hér á landi skattskylda þjónustu skal tilkynna um starfsemi sína til Ríkisskattstjóra, innheimta virðisaukaskatt af viðskiptunum og standa skil á honum í ríkissjóð. Þetta á þó ekki við ef skattskyld þjónusta er 2.000.000 kr. eða lægri á hverju 12 mánaða tímabili. Ef erlendi aðilinn er hins vegar ekki með fasta starfsstöð hér á landi ber honum að fela umboðsmanni með heimilisfesti hér á landi að vera í fyrirsvari fyrir sig sem tilkynnir þá um starfsemi hins erlenda aðila og innheimtir virðisaukaskatt af skattskyldri þjónustu og skilar honum í ríkissjóð, sbr. 35. gr. laga um virðisaukaskatt og reglugerð um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá, nr. 194/1990.

⁴ Annars vegar ökutæki sem flutt er til landsins og er undanþegið aðflutningsgjöldum þegar einn og sami hópur er notandi og ökutæki fer aftur úr landi innan tólf mánaða. Hins vegar ökutæki sem nýtt er af fleiri en einum hópi, þá skal greiða aðflutningsgjöld af leiguverði tækis, en liggja leiguverð ekki fyrir skal reikna gjöld af áætlaðri leigu miðað við 1/60 hluta tollverðs skv. tollverðsákvörðunarreglum, fyrir hvern byrjaðan mánuð frá komu ökutækis til landsins. Verði ökutæki hins vegar lengur hér á landi en tólf mánuði skulu aðflutningsgjöld greidd að fullu.

3.4 Erlend bifreið fyrir 9 farþega og færri sem fellur undir íslenska ferðaðjónustuleyfið

Vandamálið: Vandamálið er að mörg erlend fyrirtæki eru með bifreiðar fyrir 9 farþega og færri sem hafa heimild til aksturs í viðkomandi skráningarlandi. Staðreyndin er hins vegar sú að aðildarríki EES hafa sett mismunandi reglur um akstur þessara bifreiða í atvinnuskyni og má ætla að slíkar heimildir gildi ekki yfir landamæri. Dæmi eru BackRoads sem starfrækja hér 9 manna bifreiðar skráðar í Frakklandi. Grunur leikur á að öikumenn umræddra bifreiða séu ekki með aukin ökuréttindi.

Hvað má: Fólksbifreiðar fyrir 9 farþega og færri hafa heimild til aksturs í atvinnuskyni ef þær eru leigubifreiðar, eðalvagnar, sérútbúnað bifreiðar (jeppar) eða bifreiðar með ferðaðjónustuleyfi. Rekstraraðilar verða að vera með hópbifreiðaleyfi frá Samgöngustofu ásamt ferðaskipuleggjendaleyfi eða ferðaskrifstofuleyfi frá Ferðamálastofu. Bifreiðar verða að vera merktar rekstraraðila. Öikumenn verða að vera með a.m.k. aukin ökuréttindi eða heimild til að aka leigubifreiðum (svokallað harkarapróf).

Hvað má ekki: Ekki má aka fólksbifreiðum fyrir 9 manns og færri án þess að bifreiðin sé skráð með ferðaðjónustuleyfi frá Samgöngustofu. Ef bifreiðin er frá öðru landi innan EES þarf rekstraraðili að sanna að bifreiðin hafi heimild til að aka í atvinnuskyni yfir landamæri og vera með bandalagsleyfi. Þá má ekki aka þessum bifreiðum nema að vera með leyfi frá Ferðamálastofu.

Hver á að sinna eftirliti: Tollurinn sinnir eftirliti við komu bifreiða til landsins en hefur ekki heimild til að sinna eftirliti með skráningum hópbifreiða eða virðisaukaskattskrá. Lögregla hefur eftirlit með leyfisskyldri starfsemi á grundvelli laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi og sinnir vettvangseftirliti með skráningu bifreiða og ökuréttindum bílstjóra. Vinnuálastofnun sinnir eftirliti með útsendum starfsmönnum sem aka bifreiðunum.

3.5 Innlandar bifreiðar á vegum erlendra ferðaskrifstofa

Vandamálið: Erlendir aðilar hafa nýtt bifreiðar eins og um akstur í eigin þágu sé að ræða en látið sína eigin bílstjóra aka bílunum með greiðandi farþega um borð. Bifreiðarnar eru allt frá fólksbílum upp í 20 farþega bifreiðar t.d. Sprinter. Bílstjórar hafa ýmist verið starfsmenn eða verktakar viðkomandi aðila eða hluti af hópnum sem ferðast er með. Þeir þurfa skv. íslenskum lögum að hafa aukin ökuréttindi til að aka með greiðandi farþega. Fyrirtæki sem leigja bíla hér á landi hafa ekki forsendur til að kanna hvort um er að ræða akstur í eigin þágu eða akstur með greiðandi farþega.

Hvað má: Öllum er heimilt að leigja sér bifreið og aka með farþega í eigin þágu. T.d. fjölskyldu og starfsmenn eða tengda aðila á ferðalagi. Bifreiðar sem ekið er með greiðandi farþega í atvinnuskyni verða að vera undir rekstrarleyfi hópbifreiða, bæði þess sem rekur bifreiðina og þjónustuveitandans. Sé um bifreið fyrir 9 farþega og færri að ræða verður að vera til staðar ferðaðjónustuleyfi frá Samgöngustofu og leyfi frá Ferðamálastofu. Í 2. mgr. 10. gr. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017, segir að ökutæki ferðaðjónustuleyfishafa skulu vera merkt rekstraraðila. Öikumenn sem aka með greiðandi farþega í atvinnuskyni þurfa að vara með aukin ökuréttindi og viðeigandi tákntölu í ökuskránni.

Hvað má ekki: Óheimilt er að aka bifreið með greiðandi farþega í atvinnuskyni sem ekki fellur undir eigin þágu, án þess að bílstjóri hafi til þess tilskilin réttindi. Hvað varðar starfsemi á grundvelli laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 28/2017, þá kveða löggin á um heimild Samgöngustofu til að leggja sektir á aðila brjóti þeir gegn ákvæðum laganna. Hvað varðar brot gegn skilyrðum laga um Ferðamálastofu, nr. 96/2018, og varða kröfu um leyfisskyldu þá er í 19 gr. laganna kveðið á um að

lögregla geti lokað bæði starfstöð og vefsvæði. Einnig er í 20. gr. laganna kveðið á um heimild til að leggja á aðila dagssektir⁵.

Hver á að sinna eftirliti: Lögregla á að sinna vettvangseftirliti með heimild til aksturs í atvinnuskyni og ökuréttindum bílstjóra. Ferðamálastofa hefur eftirlit með starfsemi sem er leyfisskyld. Hvað varðar leyfi Ferðamálastofu og getur stofnunin leitað til lögreglustjóra hvað varðar stöðvun á starfsemi.

4. Tillögur til úrbóta

Eftirliti hefur því miður verið ábótavant í öllum ofangreindum atriðum og erlend fyrirtæki hafa því getað stundað hér samkeppni á kjörum sem byggja á félagslegum undirboðum og svartri atvinnustarfsemi. Þá hefur einnig borið á félagslegum undirboðum og skattasniðgöngu í starfsemi innlendra aðila sem jafn mikilvægt er að uppræta.

Augljóst er að ýmsar flækjur geta myndast í eftirliti 9 stofnana með ferðaþjónustuaðilum, sem að auki eru a.m.k. að hluta of undirfjármagnaðar og undirmannaðar til að geta sinnt hlutverki sínu eins vel og þörf er á. Mikilvægt er að greiða úr þekktum flækjum, skýra heimildir ef þörf er á, tryggja fjármagn og mannskap og auka samvinnu stofnana, samnýtingu upplýsinga og vettvangseftirlit.

4.1 Tillögur starfshóps um félagsleg undirboð og ólöglega starfsemi á vinnumarkaði

SAF fagna þeim áherslum sem fram koma í nýttkominni áfangaskýrslu starfshóps félags- og barnamálaráðherra um félagsleg undirboð og ólöglega starfsemi á innlendum vinnumarkaði, en í skýrslunni er lögð áhersla á að stöðva tafarlaust brotastarfsemi á vinnumarkaði, hvort sem um er að ræða félagsleg undirboð eða annars konar brot, í ljósi sameiginlegra hagsmuna launafólks, atvinnulífsins og samfélagsins alls. Skýrslan er aðgengileg í heild á vef stjórnarráðsins: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=c6a38acb-2567-11e9-942f-005056bc530c>

SAF taka undir þau markmið tillagna samstarfshópsins að regluverk á vinnumarkaði verði skilvirkt og að þær aðgerðir sem ráðist verður í skili tilætluðum árangri og það mat hópsins að skýr pólitískur vilji og stuðningur stjórnvalda sé forsenda þess að árangur náist.

Í hópnum sátu fulltrúar frá Samtökum atvinnulífsins, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, embætti ríkislögreglustjóra, félagsmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, forsætisráðuneyti, Ríkiskattstjóra, Vinnueftirliti ríkisins, Vinnumálastofnun, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólanna, BSRB, og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Helstu tilögur hópsins eru eftirfarandi:

- Brýnasta verkefnið er að taka á kennitölflakki á skilvirkan hátt. Lagðar verði til grundvallar sameiginlegar tillögur Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands, svo og tillögur Ríkisskattstjóra. Í tillögunum er m.a. kveðið á um heimild til að setja forsvarsmenn fyrirtækja í tímabundið bann við þátttöku í stjórnun félaga með takmarkaða ábyrgð við tiltekna aðstæður (atvinnurekstrarbann), auk þess sem skerpt er á fjölmörgum öðrum atriðum.
- Komið verði upp föstum samráðshópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem beri ábyrgð á sameiginlegri stefnumótun um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.

⁵ Stöðvun á starfsemi er heimil í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar ekki hefur verið gefið út leyfi vegna leyfisskyldrar starfsemi eða skráningarskyld starfsemi ekki skráð, leyfi hefur verið lagt inn, það afturkallað eða leyfishafi sviptur því.
2. Þegar leyfis- og skráningarskyld starfsemi fer út fyrir mörk útgefins leyfis eða skráningar.

- Þau stjórnvöld sem fara með valdheimildir á vinnumarkaði (Lögreglan, Ríkisskattstjóri, Vinnueftirlitið, Vinnumálastofnun) geri með sér formlegt samkomulag um skipulegt samstarf gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Formbundin verði reglulegt samráð og samstarf þessa samstarfsvettvangs við aðila vinnumarkaðarins um stöðumat, greiningu og sameiginlegt vinnustaðaeftirlit.
- Útfært verði hvernig megi fyrirbyggja alvarleg og/eða ítrekuð brot gegn starfsmönnum með því að útvíkka refsíabyrgð lögaðila og fyrirsvarsmanna.
- Stjórnvöldum verði veittar lagaheimildir til að taka á brotastarfsemi, m.a. með þvingunarúrræðum og stjórnvaldsviðurlögum.
- Sett verði skylda til keðjuábyrgðar í lög um opinber innkaup.
- Komið verði í veg fyrir brotastarfsemi á vinnumarkaði undir formerkjum starfsnáms eða sjálfbóðaliðastarfsemi og markaður skýr rammi um hvað skuli heimilað undir þeim formerkjum.
- Kortlagðar verði með skipulegum hætti þær lagaheimildir sem stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins hafa til að skiptast á gögnum og upplýsingum og gefin út handbók fyrir starfsmenn. Veittar verði viðbótarlagaheimildir eins og tilefni kunna að verða til.
- Tryggð verði viðeigandi aðstoð og vernd fyrir fórnarlömb vinnumansals og nauðungarvinnu. Aðgerðaráætlun gegn mansali liggja fyrir og að henni sé framfylgt. Endurskoðuð verði skilgreining á mansali, sett í lög bann við nauðungarvinnu og refsíákvæði til að tryggja skilvirka framkvæmd.
- Bætt verði verulega upplýsingagjöf til erlendra starfsmanna, t.a.m. með stofnun ráðgjafarstofu og aukinni upplýsingagjöf á vefnum. Einnig verði skipulögð upplýsingagjöf til atvinnurekenda um starfskjör.

4.2 Tillögur Samtaka ferðaþjónustunnar til að auka skilvirkni eftirlits með brotastarfsemi

SAF skora á stjórnvöld að grípa tafarlaust til aðgerða á eftirfarandi sviðum til að gera eftirlitsaðilum auðveldara að sinna lögbundinni eftirlitsskyldu sinni og þannig vinna að því að uppræta félagsleg undirboð og ólöglega starfsemi og þannig taka skýr skref í þá átt að bæta samkeppnisaðstöðu fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Áréttað skal að í mörgum tilfellum má gera ráð fyrir að hægt sé að nýta betur en nú er gert það fjármagn sem þegar er veitt til viðkomandi eftirlitsstofnana. Þar sem slíkt er ekki mögulegt er nauðsynlegt að ríkisvaldið tryggi nægt fjármagn til að sinna megi verkefnum þeirra, m.a. skv. þeim tillögum sem koma fram hér á eftir.

Átak gegn skattsvikum:

- Ríkisskattstjóri og önnur stjórnvöld tryggi með virku eftirliti að erlendir ferðaþjónustuaðilar séu skráðir á virðisaukaskattskrá þegar það á við og skili virðisaukaskatti og öðrum lögbundnum sköttum og gjöldum vegna starfsemi og þjónustu sem sannanlega fer fram hér á landi.
- Nauðsynlegt samráð eftirlitsaðila til að ná þessu markmiði verði tekið upp þegar í stað.
- Stjórnvöld tryggi viðkomandi eftirlitsaðilum þegar í stað nauðsynlegar fjárheimildir til virks eftirlits með skilum erlendra aðila með starfsemi á Íslandi á lögbundnum sköttum og gjöldum.
- Ríkisskattstjóra verði tryggðar skýrar heimildir til að beita viðurlögum gegn brotum. Núverandi krafa um ítrekaðar viðvaranir skilar ekki nauðsynlegum árangri.
- Sérstakt átak verði sett á stofn fyrir sumarið 2019 í samvinnu eftirlitsaðila til að stöðva skattasniðgöngu erlendra aðila í ferðaþjónustu á Íslandi. Ríkisstjórn verji sérstakri

aukafjárveitingu til átaksins á sama hátt og gert hefur verið til að ráða niðurlögum ólöglegrar heimagingingar. Reynslan sýnir að það er góð fjárfesting fyrir samfélagið.

- Bifreiðagjöld verði innheimt af erlendum bifreiðum í samræmi við tillögur starfshóps fjármálaráðherra um endurskoðun skattlagningar ökutækja (2018).

Rekstrarleyfi:

- Lögregla fái aðgengi að „lifandi“ skrá um leyfishafa í farþega- og vöruflugningum þar sem tilgreindar bifreiðar í eigu/leigu leyfishafa eru tilgreindar. Vísi að slíkri skrá er að finna inni á vef Samgöngustofu en hún er of sjaldan uppfærð og þar er ekki að finna allar bifreiðar leyfishafa. Tryggja þarf Samgöngustofu fjármagn, mannafla og skyldu til reglulegrar uppfærslu skrárinnar og/eða færslu á form sem betur hentar notkun eftirlitsaðila svo að hún nýtist eins vel og þörf krefur.
- Leyfisskoðun og tilheyrandi leyfismiði í framrúðu verði lögð af. Þess í stað fari skoðunin fram í samhengi við árlega aðalskoðun ökutækis, til einföldunar fyrir bæði atvinnurekendur og eftirlitsaðila.
- Sérstakt rekstrarleyfi verði gert fyrir hverja bifreið leyfishafa í formi límniða (A6) sem límist innan á hliðarrúðu bílstjórarnegin. Þar komi fram nafn leyfishafa, skráningarnúmer bifreiðar og gildistími. Niðurfelling skoðunargjalds vegna leyfisskoðunar kemur á móti kostnaði við gerð slíkra leyfismiða.

Sjálfbóðaliðastarfsemi

- Eftirlitsstofnunum verði tryggt fjármagn til að sinna viðtækara vettvangseftirliti og samvinna stofnana við eftirlit með sjálfbóðaliðastarfsemi aukin, t.d. með lögbundnum samráðsvettvangi (sjá undir [Samvinna eftirlitsaðila](#)).
- Samstarf opinberra eftirlitsaðila og vinnustaðaeftirlits stéttarfélaganna verði reglubundið og eftir markvisst. Sérstaklega þarf að grípa til tafarlausra aðgerða til að auka skilvirkni eftirlits með greinum þar sem sjálfbóðaliðastarfsemi er þekktur vandi.

Eftirlit með erlendum ökutækjum:

- Komið verði á fót miðlægri skrá yfir erlend ökutæki sem koma til landsins sem lögregla og aðrir eftirlitsaðilar hafa beinan aðgang að eftir þörfum.
- Tollgæslan merki allar erlendar bifreiðar með akstursleyfismiða í hliðarrúðu bílstjórarnegin þar sem fram komi númer ökutækisins, komudagur til landsins og gildistími aksursleyfis.
- Gerður verði gátlisti um notkun erlendra bifreiða í atvinnuskyni til að auðvelda yfirvöldum að sinna eftirlitsskyldu sinni.
- Lögbundin krafa verði gerð um að pappírar með upplýsingum um ökutækið séu þýddir en séu ekki aðeins á tungumáli heimalands. Slík upplýsingagjöf verði þó fremur leyst eftir því sem við á með límniða í hliðarrúðu eða tengd leyfisnúmeri eða bílnúmeri.

Samvinna eftirlitsaðila:

- Tekin verði upp virk samvinna eftirlitsaðila með deilingu upplýsinga og sameiginlegum átaksverkefnum í eftirliti á vettvangi.
- Stjórnvöld hefji þegar í stað vinnu við að greina og fjarlægja hindranir í lagaumhverfi sem komið geta í veg fyrir samvinnu eftirlitsaðila og/eða nauðsynlega deilingu upplýsinga milli stofnana.

- Komið verði á fót lögbundnum samráðsvettvangi þar sem fulltrúar eftirlitsaðila hittast með reglubundnum hætti og bera saman bækur sínar, deila upplýsingum og stýra samstarfi stofnana við eftirlit.

Heimaginging:

- Umboðsaðilum gistiþjónustu í gegnum vef (t.d. Airbnb) verði gert skylt með lögum að skila heildarupplýsingum um söluaðila og tekjur þeirra til Ríkisskattstjóra með reglubundnum hætti. Þá sé slíkum aðilum gert skylt að birta leyfisnúmer aðila í sérstökum reit á vefnum.
- Sýslumönnum utan höfuðborgarsvæðisins séu veitt skýrari ábyrgð (og nauðsynlegar fjárheimildir) til að sinna eftirliti með heimagingingu á sínu svæði. Mikil þekking er á umfangi heimagingingar í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins sem ekki nýtist sem skyldi í núverandi kerfi.
- Tilraunaverkefni um samstarf Sýslumannsins í Reykjavík við sýslumenn og skilgreind sveitarfélög á landsbyggðinni geta skilað miklum árangri í baráttu við ólöglega gististarfsemi.

Fjármagn og mannaflabörf:

- Lykilstofnunum sem bera ábyrgð á eftirliti með félagslegum undirboðum og ólöglegri starfsemi í ferðaþjónustu verði tryggt nauðsynlegt aukið fjármagn til að viðkomandi stofnanir geti sinnt vettvangseftirliti. Ljóst er að í einhverjum tilfellum má hugsanlega nýta það fjármagn sem þegar er lagt til starfsemi viðkomandi stofnana betur til að styrkja mikilvæg verkefni, m.a. á vettvangseftirlit. SAF minna á að fjármagn sem lagt er til aukins eftirlits með starfsemi sem sniðgengur skatta og skyldur skilar sér aftur til samfélagsins, bæði í formi sektargreiðsla, aukinna skattgreiðsla og almennt betri afkomu fyrirtækja og launafólks. SAF leggja í þessu samhengi sérstaka áherslu á mikilvægi aukinna fjárframlaga til lögreglu um allt land.

Afleiðingar brota og fælingarmáttur:

- Refsiheimildir í lögum, s.s. þvingunarheimildir lögreglu og heimildir eftirlitsaðila til dagsekta og stjórnvaldssekta, verði nýttar betur en nú er gert og sektarupphæðir vegna alvarlegra brota hækkaðar verulega. Mjög mikilvægt er að auka fælingarmátt afleiðinga til að gera vísitandi lögbrot sem skekkja samkeppnisstöðu áhættusamari en nú.

Ábendingar og viðbrögð:

- Viðbrögð eftirlitsstofnana við ábendingum verði bætt og eftirfylgni aukin. Of algengt er að ábendingar berist stofnunum án þess að vart verði við skýr viðbrögð. Tryggja þarf stofnunum fjármagn, mannafla, heimildir og upplýsingar til að bregðast við ábendingum sem berast.
- Komið verði á fót einni rafrænni ábendingagátt þar sem koma má ábendingum á framfæri við eftirlitsaðila ef grunur leikur á um félagsleg undirboð, brotastarfsemi erlendra aðila eða aðra brotastarfsemi í ferðaþjónustu og á vinnumarkaði almennt.

Ljóst er að ábendingar atvinnurekenda og launafólks sem starfa daglega í umhverfi ferðaþjónustunnar geta auðveldað starf eftirlitsaðila. Til þess er nauðsynlegt að ábendingarleiðir séu einfaldar og áberandi og að skýrt sé hvert ábendingum skuli beint ef grunur leikur á brotastarfsemi. Ýmsir eftirlitsaðilar hafa komið upp ábendingagáttum en bæði er misjafnt hversu einfalt er að nálgast þær og hvaða árangri þær skila.

Til að einfalda ferðaþjónustuaðilum og öðrum að senda ábendingar um brotastarfsemi á framfæri á einfaldan hátt er nauðsynlegt að koma upp einni rafrænni ábendingagátt þar sem má á einum augljósum stað koma á framfæri ábendingum um hvers konar brotastarfsemi sem í kjölfarið eru sendar til rétttra eftirlitsaðila. Þannig má auka líkur á að atvinnurekendur og launþegar í ferðaþjónustu geti veitt eftirlitsaðilum virka aðstoð við störf sín og gera brotlegum aðilum erfiðara um vik.

5. Skýringar:

Skylda til skráningar hjá Vinnumálastofnun

Samkvæmt lögum um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda, nr. 45/2007, og lögum um starfsmannaleigur, nr. 139/2005, er þjónustufyrirtækjum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og starfsmannaleigum, sem hyggjast veita þjónustu hér á landi lengur en samtals tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum, skylt að skrá sig hjá Vinnumálastofnun og veita stofnuninni ákveðnar upplýsingar. Skráningin skal gerð eigi síðar en sama dag og starfsemi hefst hér á landi.

Föst starfsstöð

Föst atvinnustöð er þar sem starfsemi fyrirtækis fer að nokkru eða öllu leyti fram. Hugtakið tekur einkum til aðseturs framkvæmdastjórnar, útibús, skrifstofu, verksmiðju og verkstæðis.

Aukin ökuréttindi

Aukin ökuréttindi, eða meirapróf, eru réttindi sem veitt eru í þeim tilgangi að aðilar geti stundað akstur í atvinnuskyni.

Ökuriti

Ökuriti er tæki sem skráir aksturs- og hvíldartíma ökumanns.

Ökuritakort

Kort sem hafa örgjörva sem getur átt samskipti við ökuritann og vistað upplýsingar á kortin. Undir þennan flokk falla fjórar tegundir korta en nánari upplýsingar um þau kort og aðgreiningu þar á milli má m.a. finna á heimasíðu Samgöngustofu.⁶

⁶ Ökumannskort: Ökumannskort eru afhent einstökum ökumönnum. Þau notast af ökumanni samkvæmt lögum og reglum um rafræna ökurita. Kortið getur geymt tölvutækar upplýsingar sem snerta aksturs- og hvíldartíma, aðra vinnu, hvíld, o.fl. Kortið inniheldur nafn, undirskrift og mynd bílstjórans. Einnig er þar meðal annars að finna gildistíma, kortanúmer, strikamerki og örgjörva. Ökumannskortið skal ekki notast af öðrum en þeim ökumanni sem kortið er gefið út á.

Fyrirtækjakort: Fyrirtækjakort eru ætluð fyrirtækjum sem gera út bíla með rafrænum ökuritum. Með kortinu geta fyrirtækin lesið úr ökuritunum og prentað út eða afritað eigin upplýsingar úr ökuritanum. Fyrirtækið ákveður sjálft hvaða starfsmenn hafa afnot af kortinu. Kortið inniheldur upplýsingar um nafn fyrirtækis, gildistíma korts, útgefanda, kortanúmer, strikamerki og rafrænt skírteini.

Verkstæðiskort: Verkstæðiskortum er úthlutað til löggildra verkstæða. Verkstæðum er skylt að halda utan um hvaða starfsmaður notar tiltekið kort. Kortið veitir réttindi til að virkja, stilla og gæðaskoða ökurita. Hverju verkstæðiskorti fylgir pin-númer og er kortið ónothæft kunnir menn ekki skil á pin-númerinu. Verkstæðiskort gilda aðeins í eitt ár og geta þau geymt rafrænt upplýsingar um uppsetningar og niðurstöður eftirlits.

Eftirlitskort: Eftirlitskort eru notuð af eftirlitsaðilum (lögreglu/vegagerð). Kortin eru notuð til að kanna aksturs- og hvíldartíma ásamt því að kanna ástand ökuritans. Eftirlitsaðilar eru ábyrgir fyrir eftirlitskortunum og hvernig þau eru notuð.

Bandalagsleyfi

Flutningar milli ríkja Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða innan lands í þeim ríkjum eða milli Íslands og Færeyja eru háðir sérstöku leyfi, bandalagsleyfi. Bandalagsleyfi er gefið út til tíu ára í senn á nafn viðkomandi flutningafyrirtækis. Það er ekki framseljanlegt en endurnýjanlegt að uppfylltum skilyrðum.

Ökumansvottorð

Vottorð sem Samgöngustofa gefur út fyrir handhafa leyfis skv. 12. gr. reglugerðar um leyfi til að stunda farþegaflutninga og farmflutninga á landi, nr. 474/2017, sem ráðið hefur til sín ökumann sem er hvorki ríkisborgari á Evrópska efnahagssvæðinu né hefur þar fasta búsetu.

Gestaflutningar

Flutningar á vegum innanlands gegn gjaldi sem flutningafyrirtæki starfrækir tímabundið í gistiríki eða, í farþegaflutningum, þegar farþegar eru sóttir og þeim skilað innan sama ríkis, í tengslum við reglubundnar ferðir milli landa, í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, svo fremi að það sé ekki meginmarkmið þjónustunnar.

Farþegaflutningar

Samkvæmt lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi skiptast farþegaflutningar í tvo flokka, þ.e. farþegaflutningar í eigin þágu eða atvinnuskyni sem nánar er fjallað um og aðgreindir í lögnum.⁷

Staðfesturéttur

Staðfesturéttur felur í sér rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna og reka fyrirtæki, einkum félög eða fyrirtæki í skilningi 2. mg. 34. gr. EES samningsins, með þeim skilyrðum sem gilda að landslögum um ríkisborgara þess ríkis þar sem staðfestan er fengin, þó með fyrirvara um ákvæði samningsins sem kunna að takmarka frjálsa fjármagnsflutninga.

Ferðaþjónustuleyfi

Samgöngustofu er heimilt að gefa út ferðaþjónustuleyfi til farþegaflutninga í ferðaþjónustu. Umsækjandi þarf að hafa almennt rekstrarleyfi samkvæmt lögnum og rekstrarleyfi sem ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa samkvæmt lögum um skipan ferðamála. Leyfið, sem er óframseljanlegt, gildir í fimm ár en þó aldrei lengur en sem nemur gildistíma almenna rekstrarleyfisins til farþegaflutninga.

Rekstrarleyfi hópbifreiða

Leyfi frá Samgöngustofu samkvæmt lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi sem þeir sem stunda farþegaflutninga og farmflutninga gegn endurgjaldi þurfa að hafa.

Hóþferðarleyfi

Um er að ræða leyfi fyrir tilteknum farþegaflutningum samkvæmt lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, hvort sem þeir eru óreglubundnir, reglubundnir eða sérstakir reglubundnir

⁷ *Annars vegar* eru það farþegaflutningar í atvinnuskyni, þ.e. flutningur fólks gegn endurgjaldi þar sem farþeginn er ekki tengdur rekstri fyrirtækisins sem sér um flutninginn. *Hins vegar* eru það farþegaflutningar í eigin þágu, þ.e. flutningur fólks sem ekki er innheimt gjald fyrir. Sem dæmi má nefna flutning starfsfólks til og frá vinnustað eða á milli vinnustaða ef fólksflutningabifreiðin er í eigu vinnuveitanda og ökumaður er starfsmaður hans. Einnig flutningur sjúklinga og vistmanna heilbrigðisstofnana, enda sé bifreiðin í eigu stofnunarinnar og ökumaður starfsmaður hennar.

farþegaflutningar.⁸ Nánar er kveðið á um þessa flokka í lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi.

Einföld skráning hjá Ríkisskattstjóra

Hér er átt við heimild erlendra fyrirtækja sem hér selja þjónustu að skrá sig með einfaldri skráningu hér á landi hjá Ríkisskattstjóra vegna skila á virðisaukaskatti (e. simplified registration). Þeim fyrirtækjum sem skrá sig einfaldri skráningu er ekki heimilað að telja til innskatts kostnað af aðföngum vegna sölu á þjónustu hingað til lands (e. the „pay-only“ supplier registration). Ef sala fyrirtækja á sér stað út frá fastri starfsstöð hér á landi gilda hins vegar almennar reglur laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, um skráningu og skattskyldu erlendra atvinnufyrirtækja hér á landi.

Tímabundinn innflutningur hópferðabifreiða

Heimilt er að flytja til landsins ökutæki vegna tímabundinnar notkunar hér á landi í allt að tólf mánuði. Hvað varðar ökutæki á vegum ferðaðjónustuaðila gilda ólíkar reglur um tímabundinn innflutning eftir því hvers eðlis notkunin er.⁹

⁸ Óreglubundnir farþegaflutningar: Með óreglubundnum flutningum er að jafnaði átt við flutning á hópi fólks sem orðið hefur til fyrir frumkvæði viðskiptavinar eða leyfishafans sjálfs. Slíkar ferðir geta verið með reglulegu millibili án þess að teljast reglubundnir flutningar.

Reglubundnir farþegaflutningar: Fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrirframþrjú áætlun þar sem farþegum er hleypt inn og út á leiðinni. Þjónustan er öllum opin, þ.e. almenningssamgöngur.

Sérstakir reglubundnir farþegaflutningar: Reglubundnir flutningar á fyrirframákveðnum hópi farþega þar sem aðrir farþegar eru útilokaðir.

⁹ *Annars vegar* er það ökutæki sem flutt er til landsins og er undanþegið aðflutningsgjöldum þegar einn og sami hópur er notandi og ökutæki fer aftur úr landi innan tólf mánaða. *Hins vegar* er það ökutæki sem nýtt er af fleirum en einum hópi, þá skal greiða aðflutningsgjöld af leiguverði tækis, en liggja leiguverð ekki fyrir skal reikna gjöld af áætlaðri leigu m.v. 1/60 hluta tollverðs skv. tollverðsákvörðunarreglum, fyrir hvern byrjaðan mánuð frá komu ökutækis til landsins. Verði ökutæki hins vegar lengur hér á landi en tólf mánuði skulu aðflutningsgjöld greidd að fullu.